

Ed.

338. Breytingartillögur

um frv. til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd

1. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist nýr tölul., er orðist svo:
 7. Að fyrir liggi frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands, eða trúnaðarmanni nýbýlastjórnar, ef ekki næst til trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, yfirlýsing um, að húsið verði reist á hentugum stað, miðað við ræktun, vatnsból, síma, vegi o. s. frv.
2. Við 12. gr.
 - a. Í stað „1.—6. tölul.“ í byrjun greinarinnar komi: 1.—7. tölul.
 - b. Í stað „2000 krónur“ í 3. tölul. komi: 1800 krónur.